

Ed.

877. Nefndarálit

[83. mál]

um frv. til lögræðisлага.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur farið yfir frv. eins og það kom frá Nd. Þar voru gerðar á því nokkrar breytingar frá því það var afgreitt frá Ed. og verður það því að fara aftur fyrir Ed.

Á fund allsherjarnefndar komu geðlæknarnir Ásgeir Karlsson og Ingvar Kristjánsson og skýrðu þær breytingar sem stjórnskipuð nefnd á vegum heilbrigðismálaráðuneytisins, er vinnur að endurskoðun geðheilbrigðismála, vill gera á frv. Flestar þeirra breytinga voru teknar upp í frv. eins og það var samþykkt í Nd. Einnig kom Ólöf Pétursdóttir deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu á fund nefndarinnar.

Veigamesta breytingin, er gerð var á upphaflega frv. í Nd., var við 17. gr. Var samþykkt að á vegum dómsmálaráðuneytisins skuli starfa trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar. Skal ráðuneytið leita umsagnar hjá trúnaðarnefndinni ef þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkv. 13. gr. Kemur trúnaðarnefndin í stað trúnaðarlæknis sem gert var ráð fyrir í frv. í sinni upprunalegu mynd.

Meiri hl. allsherjarnefndar telur að með þeirri skipan, er gert er ráð fyrir í frv. eins og það var afgreitt frá Ed., sé öryggis einstaklingsins ekki síður vel gætt en með skipun trúnaðarnefndar. Slík nefnd mundi starfa eftir á og vera þung í vöfum og fyrirferðarmikil.

Til að vista sjálfráðan mann á sjúkrahúsi gegn vilja hans verður að liggja fyrir skrifleg beiðni og læknisvottorð þar sem gerð er grein fyrir sjúkdómnum og nauðsyn vistunar. Telur meiri hl. nefndarinnar að með tillögu um trúnaðarlækni, er leita má til áður en heimild er veitt til vistunar, sé nægileg trygging fengin fyrir því að til vistunar einstaklings gegn vilja hans verði ekki gripið nema ríkar ástæður séu fyrir hendi.

Meiri hl. nefndarinnar gerir breytingartillögu við 18. gr. og kemur þar fram að sjúklingi sé gerð grein fyrir því að honum sé heimilt að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Meiri hl. allsherjarnefndar flytur breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1984.

Valdimar Indriðason,
varaform.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.

Haraldur Ólafsson,
frsm.